

Sent til Mbl.is: 20.6.2018
Birt í Mbl: 23.6.2018
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Uppboðsmarkaður og sæstrengur

Með framleiðslustjórnun á raforkukefinu er átt við að orkufyrirtækin reisa stór orkuver og bjóði raforku til sölu samkvæmt gjaldskrá. Orkufyrirtækin eru ósjaldan í eigu hins opinbera. Þetta fyrirkomulag er talið gamaldags, stírt í meðförum og bjóði stundum upp á óeðlilega viðskiptahætti í formi markaðsráðandi stöðu.

Með markaðsstjórnun er raforka boðin til sölu á uppboðsmarkaði (framboð) þar sem einnig koma fram kauptilboð frá væntanlegum kaupendum (eftirspurn). Þetta viðskiptaform, sem er í anda frjálshyggju, var fyrst innleitt í Chile í Suður-Ameríku árið 1981 af svokölluðum „Chicago-boys“ hópi undir forystu Milton Friedman o.fl.

Flest samfélög í heiminum hafa nú skipt úr framleiðslustjórnun yfir í markaðsstjórnun í viðskiptum með raforku, þ.á.m. öll lönd í Efnahagsbandalagi Evrópu EBE.

Ísland hefur áformað að fara sömu leið og fyrsti áfangi var markaður með setningu raforkulaga 2003, sem hafði til hliðsjónar Fyrsta og Annan orkupakka EBE. Búið er að innleiða flest ákvæði laganna nema sjálfan markaðinn, sem á að vera uppboðsmarkaður. Landsnet áformar að koma honum á fót ekki síðar en 2020.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um að taka upp Þriðja orkupakka EBE, þar á meðal ákvæði um aðild EFTA ríkjanna að orkusambandi Evrópu ACER. Ísland væri þá þar í hópi. Hin EFTA ríkin sem aðild eiga að EES samningnum, Noregur og Lichtenstein, hafa þegar og hvort fyrir sig samþykkt aðild.

Gagnrýni Elíasar B Elíassonar á Þriðja orkupakka EBE

Í Morgunblaðsgrein Elíasar B Elíssonar 19. Júní 2018 fer hann hamförum í að vara við upptöku Þriðja orkupakkans á Alþingi. Helstu rök hans eru að verðlagning raforku í Evrópu, sem mótist af „steinrunnu eldsneyti“, mundi ráða of miklu í verðlagningu raforku á Íslandi. Að mínu mati tekur Elías þarna of djúpt í árinni og beitir fyrir sig óþarfa dramatískum tilburðum í frásögninni.

Um er að ræða tvenns konar aðstæður, sem þarf að skoða, þ.e. án eða með sæstreng frá Íslandi til Evrópu.

Án sæstengs mundi verðlagning á uppboðsmarkaði á Íslandi eingöngu stjórnast af staðbundnum aðstæðum, en hvernig tekið verði tillit til þeirra er í vinnslu hjá Landsneti við undirbúning á uppboðsmarkaði.

Sæstrengur mundi ekki breyta fyrirkomulagi markaðarins nema opna fyrir nýjan viðskiptaaðila með sína sérstöðu eins og gengur og gerist, að vísu í stærra lagi. Ef markaðurinn er settur rétt upp, þá á hann að geta beitt fyrir sig nægjanlegri varúð og vörnum eins og tíðkast á öðrum sams konar og margprófuðum mörkuðum erlendis.

Uppboðsmarkaðir

Á uppboðsmörkuðum fyrir raforku stjórnast viðskiptin af framboði raforku frá hinum ýmsu framleiðendum og eftirspurn frá væntanlegum notendum.

Á mörkuðum erlendis skiptir verð á eldsneyti, einkum kolum og jarðgasi, oftast mestu um verðtilboð framleiðenda í orkusölu. Það er samt ekki nóg því á endanum þurfa þeir einnig að taka tillit til fjármagnskostnaðar og fasts kostnaðar vegna rekstrar og viðhalds. Hvernig þeir spila á markaðinn í amstri dagsins vita þeir einir, en þegar upp er staðið verður hver og einn tilboðsgjafi að hugsa um eigin fyrirtæki. Á hverju 5-60 mínútna uppgjörstímabili stjórnast verðlagning af uppgjöri milli framboðs og eftirspurnar.

Sem dæmi þá er rekstur kjarnorkuvera þannig að ef þau eru stöðvuð þá gengur á eldsneytið með sama hraða og ef orkuverið væri í fullri vinnslu. Þess vegna gæti þeim hentað að bjóða raforku á undirverði t.d. -999 EnskPund/MWh til að tryggja þátttöku í raforkuframleiðslunni. Þeir fá í sinn hlut uppgjörsverð markaðarins hverju sinni, sem þá aðrir framleiðendur ákvarða.

Á Íslandi er nánast um enga raforkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti að ræða við verðmyndun á uppboðs- markaði. Það sem mundi þá ráða væri framboð á vatni við hinar ýmsu virkjanir, staða miðlana og horfur á raforkumarkaði. Þannig er gert ráð fyrir að staðbundnar aðstæður ráði verði á raforkumarkaði og það komi fram í verðlagningunni bæði án og með sæstreng.

Rekstrarlíkön skila svo kölluðum skuggagildum sem meta verðmæti takmarkaðra aðfanga um allt raforkukerfið, hvort sem aðföngin eru í formi framboðs á eldsneyti/vatni eða eftirspurn frá orkunotendum. Þessi gildi mætti nota við gerð tilboða bæði fyrir framboð og eftirspurn.

Góð hönnun á raforkumörkuðum hefur alltaf verið mikilvæg. Mistök gætu kostað neytendur gríðarlega fjármuni, eins og raunin varð í raforkukreppu Kaliforníu 2000-2001. Sem betur fer, og vegna góðrar stjórnunar og tækniframfara, hefur virkni uppboðsmarkaða batnað með tímanum. Gallar hafa verið greindir og að miklu leyti lagfærðir.

Starfsemi raforkumarkaða er í stöðugri þróun. Nýjar áskoranir koma fram með áframhaldandi umbreytingu á innviðum raforkukerfa. Hvatinn að því er aðallega stóraukin þátttaka óstöðugra orkugjafa svo sem vind- og sólarorku í raforkuframleiðslunni, dreifð orkuvinnsla, tilkoma stórra rafhlaða sem varaafli og þróun á snjallnetum (Smart-Grid) fyrir notendastýringar.

Og að lokum

Það er sjálfsagt að samþykkja Þriðja orkupakkann á Alþingi, sem næsta áfanga í að stuðla að betra raforkukerfi á Íslandi og nýta reynsluna erlendis frá.